Keppnisreglur Short Track 2026 - 2027

Flokkar Aldur miðast við 1. júlí	ISU Novice stelpur / strákar	ISU Junior konur / karlar	ISU Senior konur / karlar	Opinn flokkur 16 ára +	Lið	Boðhlaup
Vegalengd	111m	222m	222m	222m		
	333m	500m	500m	500m	500m	
		1000m	1000m		1000m	1000m
			1500m			

Competition Rules Short Track 2026 - 2027

Categories Age on July 1st	ISU Novice girls / boys	ISU Junior Women / Men	ISU Senior Women / Men	Open Category 16 years +	Teams	Relay
Distance	111m	222m	222m	222m		
	333m	500m	500m	500m	500m	
		1000m	1000m		1000m	1000m
			1500m			

Reglur

Sé keppt í fleiri en 1 vegalengd skal skipta keppni niður þannig að skautarar geti hvílt milli keppna. Skal sá tími fara eftir vegalengd hlaupsins. Styttri tími má vera milli styttri vegalengda.

Þurfi keppni í undanriðlum skal skipta keppni niður þannig að skautarar geti hvílt til milli keppna.

Raða ætti vegalengdum niður þannig að keppt sé í stystu vegalengdunum fyrst og lengstu síðast. Mótsstjóri og Yfirdómari raðar niður dagskrá, í samráði við yfirdómara.

Tímataka og undanriðlar

Tímataka

Á mótum fer röðun keppenda á ráslínu eftir besta tíma yfirstandandi tímabils (season's best). Hafi keppandi engan skráðan tíma frá yfirstandandi tímabili (season's best) er besti tíminn tímabilsins á undan notaður.

Eigi keppandi engan skráðan tíma (season's best), hvorki frá tímabilinu á undan né neinu öðru tímabili, mun staða hans á ráslínu verða yst við batta. Séu tveir eða fleiri keppendur í sömu stöðu í sama keppnisflokki skal dregið á milli þeirra.

Tími tekinn í undanrásum

Ef tími er tekinn í undanrásum til þess að nota til ákvörðunar á röð í riðla eða á startlínu skal líða amk. 30 mín milli tímatöku og keppni sem og undanriðla og úrslita.

Keppt í 2 vegalengdum

Keppt skal í stuttri vegalengd annan daginn og lengri hinn daginn. Þurfi að skipta keppendum í riðla skal reynt að hafa gott hlé til hvíldar milli keppna, eða amk 30 mín.

Keppt í 3 vegalengdum

Hægt er að keppa í tveimur stuttum vegalengdum sama dag með stuttri hvíld á milli. Keppa skal í lengstu vegalengdinni á öðrum degi en stuttu vegalengdunum.

Liðakeppni

Sé keppt í liðakeppni skulu vera 2 keppendur í hverju liði. Lið raðast saman þannig að tímar keppenda í sömu vegalengd í einstaklingskeppni eru notaðir til að para saman karl og konu. Nánara fyrirkomulag er auglýst fyrir hverja keppni og er birt í mótstilkynningu.

Boðhlaup

Í vinnslu

Raðað í riðla

Ekki eru sömu reglur um röðun í riðla í öllum keppnisflokkum.

Keppnisflokkar ÍSS

Ýmist er raðað í riðla skv. tímatöku á móti eða besta tíma tímabils. Verði því ekki við komið getur yfirdómari farið fram á tímatöku í félögunum. Skal sú tímataka fara fram ekki seinna en 10 dögum fyrir mót, að viðstöddum yfirdómara. Röð á ráslínu er þá ákvörðuð með drætti.

> Sé 1 riðill skal sá skautari sem mældist með hraðasta tímann í tímatöku starta á línu næst miðju, skautari með næst hraðasta tíma næst honum og svo koll af kolli.
>
> Séu 2 riðlar skal raðað í riðla eftir tímatöku sem hér segir:
> Riðill 1: 1., 4., 5., 8. besti tíminn
> Riðill 2: 2., 3., 6., 7. besti tíminn

Áfram komast 2 efstu skautararnir úr hvorum riðli og skauta til úrslita. Séu fleiri skautarar í einum riðli en öðrum skal þriðji skautarinn í riðlinum með fleiri skautara einnig komast áfram. Hafa skal hæfilegan tíma milli keppna, eða amk. 30 mínútur.

Keppnisflokkar SO

Raðað er í Level eftir tímatöku sem á sér stað í félögunum. Séu fleiri en 4 keppendur í hverju Leveli skal skipt í jafna riðla. Sé oddatala skulu flestir keppendur vera í síðasta riðli. Skipt skal í riðla eftir tímatökuupplýsingum úr félögunum og þeim raðað þannig:

> Riðill 1: 1., 4., 5., 8. besti tíminn
> Riðill 2: 2., 3., 6., 7. besti tíminn

Séu fleiri en 2 riðlar í Leveli skal halda undanriðla og 2 efstu skautarar í hverjum riðli halda áfram. Þeir sem falla út fá þátttökuviðurkenningu.
Séu fleiri skautarar í einum riðli en öðrum skal þriðji skautarinn í riðlinum með fleiri skautara einnig komast áfram.
Hafa skal hæfilegan tíma milli keppna, eða amk. 30 mínútur.

Upphitun

Upphitun á ís er fimm mínútur. Setja má nokkra hópa saman í upphitun í einu en gæta þess að fjöldi skautara sé ekki of mikill. Hliðvörður skal fylgjast með hliði og loka því eftir að upphitun hefst.

Heflun

Mótsstjóri þarf að sjá til þess að starfsmaður á hefli fái leiðbeiningar um heflun fyrir og eftir skautahlaupskeppnina. Fleyta þarf með extra miklu vatni til að búa til sem sléttastan ís.